# Mánudagur 31. júlí

SJÓNVARPIÐ

17.50 **Þvottabirnirnir (8)** (Raccoons). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Leikraddir Hallur Helgason og Helga Sigríður Harðardóttir. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
18.15 **Ruslatunnukrakkarnir** (Garbage Pail Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Krakkahópur, sem breytt hefur útliti sínu með ótrúlegum hætti, lætur sér fátt fyrir brjósti brenna í baráttu sinni fyrir réttlæti. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Bundinn í báða skó** (Ever Decreasing Circles). Breskur gamanmyndaflokkur með Richard Briers í aðalhlutverki. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fréttahaukar** (Lou Grant). Bandarískur myndaflokkur um líf og störf á dagblaði. Aðalhlutverk Ed Asner, Robert Walden, Linda Kelsey og Mason Adams. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
21.20 **Ærslabelgir** – Spilafífl – (Comedy Capers – The Poker Player). Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna.
21.35 **Burt og til baka.** (Wohin und zurück). 2. þáttur – Santa Fe. Þýsk-austurrísk kvikmynd í þremur þáttum, gerð 1983-1985. Myndirnar eru svart-hvítar, gerðar eftir handriti Georgs Stefans Troller. Leikstjóri Axel Corti. Aðalhlutverk Johannes Silberschneider. Ferry flýr frá Vínarborg eftir að nasistar hafa drepið föður hans. Í þessum þætti er sagt frá komu hans til Bandaríkjanna og erfiðleikum hans og annarrra flóttamanna við að aðlagast nýjum aðstæðum. Þýðandi Veturliði Guðnason.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.15 **Burt og til baka, frh.**
23.55 **Dagskrárlok.**



STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Flóttinn** Winter Flight. Hugljúf mynd um ungan hermann sem verður ástfanginn en stendur frammi fyrir erfiðri ákvörðun þegar stúlkun segist vera barnshafandi eftir annan mann. Aðalhlutverk: Reece Dinsdale og Nicola Cowper.
19.19 **19:19** Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð frískleg skil.
20.00 **Mikki og Andrés.** Uppátektarsemi þeirra félaga kemur allri fjölskyldunni í gott skap.
20.30 **Kæri Jón** Dear John. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur með gamansömu yfirbragði. Aðalhlutverk: Judd Hirsch, Isabella Hofmann, Jane Carr og Harry Groener.
21.00 **Dagbók smalahunds.** Diary of a Sheepdog. Hollenskur framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Jo De Meyere, Ko van Dijk, Rudy Falkenhagen og Bruni Heinke.
22.10 **Dýraríkið.** Wild Kingdom. Einstaklega vandaðir dýralífsþættir.
22.35 **Stræti San Fransiskó.** The Streets of San Francisco. Bandarískur spennumyndaflokkur. Aðalhlutverk: Michael Douglas og Karl Malden.
23.25 **Lög gera ráð fyrir...** Penalty Phase. Leikarinn Peter Strauss fer hér með vandasamt hlutverk hæstaréttardómara. Hann teflir frama sínum í tvísýnu þegar hann lætur hættulegan morðingja lausan þar sem hugsanlegt er að gengið hafi verið á rétt hans. Aðalhlutverk: Peter Strauss, Karen Austin, Jane Badler, John Harkins og Millie Perkins.

Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (5.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Lesið úr forustugreinum landsmálablaða.
9.45 **Búnaðarþátturinn** – Um starfsemi Landsambands kúabænda. Jón Viðar Jónmundsson ræðir við Guðmund Lárusson, formann sambandsins.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Húsin í fjörunni.** Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.**–Að lifa í trú. Umsjón: Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Að drepa hermikráku, eftir Harper Lee. Sigurlína Davíðsdóttir lýkur lestri þýðingar sinnar (32.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað nk. laugardagsmorgun kl. 6.01.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Gestaspjall.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið með krökkum í Flatey.** Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Sjostakóvitsj og Vieuxtemps. Sinfónía nr. 5 í D-dúr eftir Dimitri Sjostakóvitsj. Fílharmóníusveit Berlínar leikur; Semyon Bychov stjórnar. Die Versweiflung og Die Erinnerung eftir Henry Vieuxtemps. David Oistrach leikur á fiðlu og Wladimir Jampolski á píanó.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Fyll'ann,** takk. Gamanmál í umsjá Spaugstofunnar. (Endurflutt frá laugardegi.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Ólafur Oddsson flytur.
19.37 **Um daginn og veginn.** Auðunn Bragi Sveinsson talar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les (5.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Barokktónlist** – Corelli, Vivaldi, Scarlatti, Giordani og Bach.
21.00 **Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir (Endurtekinn þáttur frá föstudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Sæfarinn sem sigraði Ísland. Þáttur um Jörund hundadagakonung eftir Sverri Kristjánsson. Eysteinn Þorvaldsson les (4.)
22.00 **Fréttir.**
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.20 **Undir hlíðum eldfjallsins.** Ari Trausti Guðmundsson ræðir við Sigurð, Flosa og Hálfdán Björnssyni, búendur á Kvískerjum í Öræfasveit Seinni hluti. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Kristinn R. Olafsson talar frá Spáni. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin** – Íslandsmótið í knattspyrnu, 1. deild karla. Íþróttafréttamenn lýsa leik Vals og FH á Hlíðarenda.
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01) .
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á Rás 1.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1 kl. 18.10)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00.

FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** ný og góð tónlist, kveðjur og óskalög.
24.00 **Næturdagskrá.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í blandi við góða morguntónlist. Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Stjórnar tónlistinni með duglegri hjálp hlustenda. Ný tónlist situr í fyrirrúmi. Spjallað við hlustendur, getraunir og leikir. Róleg tónlist kl. 18.10-19. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
19.00 **Vilborg H. Sigurðardóttir** í klukkustund.
20.00 **Kristófer Helgason.** Maður unga fólksins. Kveðjur og óskalög. og gamanmál.
24.00 **Næturstjörnur.** Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.

Rót ÚTVARP FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
11.00 **Neðanjarðargöngin 7-9-13. E.**
13.30 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. E.
15.30 **Um Rómönsku Ameríku.** Miðameríkunefndin. E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Laust.**
17.30 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
18.00 **Á mannlegu nótunum. Flokkur mannsins.**
19.00 **Bland í poka. Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.**
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
21.00 **FART.** Þáttur með illa blönduðu efni í umsjá Alexanders.
22.00 **Hausaskak.** Þungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmundssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

EFF EMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
7.30 **Pánel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.30 **Voyagers.** Spennumyndaflokkur.
19.30 Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **Boney.** Ævintýrasería.

SKY MOVIES

13.00 **Labyrinth.**
15.00 **Raiders of the Galaxy.**
17.00 **I Will Fight No More Forever.**
19.00 **The Pick-Up Artist.**
20.30 **Highlander.**
22.30 **Underground Aces.**
00.05 **Straight Time.**

EUROSPORT

9.30 **Tennis.** Davis Cup frá Svóþjóð.
10.30 **Kappakstur.** Grand Prix í V-Þýskalandi.
12.30 **Knattspyrna.** Danmörk gegn Englandi.
13.30 **Tennis.** Mercedes Open í Stuttgart.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Bílasport.** Shell International Motor Sport.
18.00 **Hestaíþróttir.** Stökkkeppni í Stokkhólmi.
19.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
20.00 **Tennis.** Davis Cup frá Svóþjóð.
21.00 **Box.** Ali gegn Spinks.
22.00 **Snóker.** Keppni í Sheffield.

SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Poppþáttur.**
17.30 **Foley Square.**
18.00 **High Chaparral.** Vestraþáttur.
18.55 **Cassie og Co.** Sakamálaþáttur.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Discovery Zone.**
21.00 **Wild World.**
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Nýr framhaldsmyndaflokkur hefur göngu sína í dag.**

### Sjónvarp kl. 18.15:

## Ruslatunnukrakkarnir

Í dag hefur göngu sína nýr framhaldsþáttur í sjónvarpinu fyrir krakka á öllum aldri, Ruslatunnukrakkarnir.

Ruslatunnukrakkarnir eru venjulegir krakkar en þeir breytast og verða hinir mestu ærslabelgir, sem sagt engin venjuleg börn.

Það verður sjálfsagt vel þess virði að fylgjast með þessum skemmtilegu krökkum og uppátækjum þeirra.

### Rás 1 kl. 13.05:

## Í dagsins önn

### – að lifa í trú

Í þáttunum Í dagsins önn á mánudögum er nú verið að fjalla um trúarbrögð. Síðastliðinn mánudag var fjallað um ásatrú og baháítrú. Talað var við Reykjavíkurgoða ásatrúarmanna og einnig við tvo baháía. Í dag spjallar fréttamaðurinn og Asíufræðingurinn Ragnar Baldursson um dvöl sína í Austurlöndum og um búddadóminn í Kína og Japan. Einnig verður litið inn á samkomu búddista hér á landi. Í síðasta þættinum um trúarbrögð verður fjallað um múhameðstrú. Rætt verður við tvo múhameðstrúarmenn, Sýrlending og Palestínumann, sem búið hafa hér á landi um árabil.

Umsjónarmenn þáttanna eru Margrét Thorarensen og Valgerður Benediktsdóttir.

-J.Mar

### Stöð 2 kl. 23.25:

## Lög gera ráð fyrir

Á ég að dæma manninn til dauða eða láta hann lausan þar sem handtaka hans samræmist ekki lögum er spurning sem Kenneth Hoffman dómari veltir ákaft fyrir sér.

Maðurinn er ákærður fyrir morð og nauðgun. Almenningur og kviðdómur eru sannfærðir um að hann sé sekur. Hins vegar kemur það í ljós við réttarhöldin að handtaka mannsins stenst ekki lög og sannana fyrir sekt hans hefur verið aflað á vafasaman hátt. Það bíður því Hoffmans dómara það erfiða hlutskipti að ákveða hvort hann á að fylgja eigin sannfæringu eða lögunum.



**Peter Strauss fer með aðalhlutverkið í myndinni Lög gera ráð fyrir.**

Það er Peter Strauss sem fer með hlutverk hæstaréttardómarans en hann er íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunnur úr þáttunum Gæfa og gjörvuleiki og Kain og Abel.

Melissa Gilbert fer með stærsta kvenhluverkið í myndinni og það eru sjálfsagt margir sem muna eftir henni sem Láru úr þáttaröðinni Húsið á sléttunni.